



267. Stjórnarfundur haldinn 11. apríl 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá 365 ljósvakamiðli v/ endurnýjunar á myndlyklum. Framkvæmdastjóra falið málið.

Bréf frá Karli Smára Hreinssyni v/ kennslu í íslensku fyrir útlendinga (sent í tölvupósti til stjórnarmanna deilda og aðalstjórnar Keflavíkur).

3. Send bréf.

Bréf til LÍ Keflavíkurútibúi v/ heimildar körfuknattleiksdeildar til yfirdráttar.

4. Íþrótt- og leikjaskóli.

Íþrótt- og leikjaskóli er í undirbúningi og verður væntanlega með hefðbundnu sniði.

Skólinn fer af stað 13. júní og er til 23. júlí. Ákveðið að auglýsa eftir starfsfólki í Víkurfréttum.

5. Skil á starfskýrslum til ÍSí fyrir 15. apríl 2006.

Skil á starfskýrslum er í vinnslu og eru á góðu róli en skila þarf fyrir 15. apríl.

6. Önnur mál.

Einar H., Kári G. og Þórður M. K. fóru á fund 1. apríl 2006 kl. 09:30 með Stefáni B., Hafsteini I. og Samúel G. vegna nýs félagsheimilis Keflavíkur. Fundurinn var ganglegur og jákvæður andi ríkjandi. Nýjar hugmyndir um inngang og anddyri inn í húsið kom fram sem spennandi er að skoða.

Framkvæmdastjóri fór á fund Ásbjörns lögfræðings vegna innheimtu kröfu á hendur knattspyrnudeildar.

Stjórnarmenn fengu afhent bindi með K-lógói rastað í efnið.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.19:20

